

## Fundur í Nemendafélagi 11. nóvember 2024 kl. 8:10

Mættir: Veronika, Palli, Díana, Valgarður, Helgi, Arnþór og Lúkas. Á fundinn vantaði Harald, Odd og Einar Ása.

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Helstu niðurstöður samráðsfundar fulltrúa úr Nemendafélögum samstarfsskólanna. Fulltrúarnir vildu skipta út jólaballi í febrúarball og fella niður Lyngbrekkuballið. Hafa þess í stað einhvern anna hitting t.d. bíó. Fulltrúar í Nemendafélagi Heiðarskóla hafa ekki áhuga á að taka þátt í smiðjuhelgum með samstarfsskólunum. Eigum eftir að fá fundargerð frá fundinum.
3. Nemendafélagið samþykkti að Díana og Veronika yrðu fulltrúar í Ungmennaráði. Skólastjóri mun senda upplýsingar um það á sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.
4. Önnur mál:
  - Einhverjir nemendur á miðstigi hafa sótt bolta inn á framkvæmdasvæði. Skólastjóri ítrekaði að það er ekki leyfilegt út frá öryggisástæðum. Verðum að fara aðrar leiðir t.d. tala við starfsmann í útiveru, reyna að ná tali af starfsfólki á framkvæmdasvæði eða sækja nýjan bolta.
  - Beiðni um annað skóhorn í forstofu.
  - Beiðni um klukku og púða í félagsrými.
  - Nú eru nýir boltar á hverju stigi, fulltrúar hvattir til að fara vel með boltana og geyma þá inni á stigum. Passa að þeir gleymist ekki úti.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 8:30